

Nr. 68.

3. nóv.

Lög

um

breytingu á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun
Landhelgissjóðs Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 gr.

3. grein orðist svo:

Landssjóður leggur líka til sjóðsins 20,000 krónur á ári, er teljast með
árstekjum hans.

2. gr.

4. grein orðist svo:

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til að koma upp einu eða tveimur nýjum
strandgæsluskipum, er notuð verði til að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum,
og ákveður löggjafarvaldið, hve nær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje
hans skuli varið til þessara varna.

3. gr.

7. grein orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.